

Skólaráðsfundur 16. mars 2021 kl: 8:15:

Mættir: Áslaug, Pétur, Álfrún, Ingibjörg, Alfreð, Ísak, Sunna, María.

Ritari : Ingunn

Fundarefni:

Samræmd próf – rætt um fyrirlögn samræmda próf 8. mars sl.. Nemendur hjá okkur dattu nokkuð oft út mest milli 20-30 sinnum. Niðurstöður íslensku prófsins verða birtar innan 4 vikna og hafa nemendur tækifæri til að taka það aftur ef þeir kjósa. Ef nemendur taka íslensku prófið aftur þá gildir sú einkunn. Prófunum er aflýst en hægt verður að taka prófin aftur á pappír. Vatnsendaskóli býður upp á próftöku dagana 19.-21. apríl 2021. Rætt um afstöðu skólans til þessara prófa, hafa litla þýðingu fyrir nemendur/skóla, samræmist ekki fjölbreyttu námsmati. Skólastjórnendur í Kópavogi sendu frá sér yfirlýsingu 9.mars. Rætt um upplifun nemenda af prófinu hjá okkur – flestir nemendur nokkuð slakir yfir prófinu.

Þemadagar –eru dagana 18. og 19. mars 2021. Hreyfing - er yfirskrift þemans Íþróttahúsið er í mikilli notkun báða dagana.

Miðstig fer á skauta og keilu á fimmtudegi og er heima á föstudegi í hreyfistöðvum.

Elsta stig fer í Sporthúsið á föstudegi og er heima á hreyfistöðvum á fimmtudegi.

Yngsta stigið er í húsi báða dagana í hreyfileikum í íþróttahúsinu

Krefjandi dagar en skemmtilegir. Gaman að fara út úr húsi.

Foreldrar á miðstigi hafa tekið mjög vel í það að greiða 1500 kr. fyrir skauta og keilu.

Veturinn hefur verið krefjandi og gott að geta farið í smá uppbrot.

Önnur mál - Kynning í kvöld -Skólinn mun senda áminningu eftir hádegi í dag. Nú þegar hefur auglýsing verið send á fésbókina , í tölvupósti og á heimasíðuna. Einnig hefur foreldrafélagið sent frá sér áminningu.

Tölvupóstur kom frá Margréti á meðan á skólaráðsfundi stóð, því miður fellur niður fyrirlesturinn í kvöld vegna veikinda fyrirlesara. Nýr fundartími verður fundinn.

Símalaus skóli: hvernig er framkvæmdin ?– Nokkrir skólar hafa tekið þetta upp. Fá nemendur með okkur í lið. Byrja með símalausa viku, vera með uppbrot t.d. bjóða upp á jóga, hreyfingu, slökun ofl. Að foreldrafélagið komi að þessari vinnu með skólanum.

Sími er ekki leyfilegur í 1.-7. bekk, hafa komið upp einstaka vandamál með nemendur í 1.-7. bekk t.d hringja heim ef eitthvað gerist í útivist án vitundar kennara/starfsmanna . Umræður um símalausan skóla.

Áslaug ætlar að finna hugmyndir sem settar voru fram á síðasta ári um hvað væri hægt að gera í frímínútum.

Nemendur og spjaldtölvur: Rætt um spjaldtölvur og notkun þeirra, eftirlitslausir nemendur í spjaldtölvum frameftir degi. Rætt um að spjaldið væri í skóla í 5.-7. bekk og nemendum kennt að nýta það sem kennslutæki áður en það fer heim, spjöld send heim þegar við á og verkefni liggja fyrir.

Fundi slitið kl: 9:02